



Viðmiðunarreglur Norðurþings um skólaakstur í grunnskóla

1. gr.

Gildissvið og orðskýringar

Reglur þessar eru settar með vísan til 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009. Þær taka til skipulags skólaaksturs milli heimilis og grunnskóla. Með skólaakstri er í viðmiðunarreglum þessum átt við akstur á milli heimilis og grunnskóla þar sem þess er þörf til að tryggja eins jafnan aðgang nemenda að grunnskólanámi og mögulegt er. Heimili í reglum þessum merkir skráð lögheimili eða annar staður þar sem nemandi hefur fasta búsetu.

2. gr.

Ábyrgð

Norðurþing ber kostnað og ábyrgð á öryggi, velferð og hagsmunum grunnskólanemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi. Þegar um er að ræða tímabundna vistun fósturbarns, ber lögheimilissveitarfélag kostnað af skólaakstri.

3. gr.

Akstursáætlun

Skólaakstur skal skipulagður í samræmi við þarfir nemenda með hliðsjón af öryggi þeirra, velferð og umhverfisaðstæðum, svo sem fjarlægðar milli heimilis og skóla. Daglegum skólaakstri ber að haga með þeim hætti að nemendum sé ekið heim sem fyrst eftir að skóladegi lýkur. Miða skal við að daglegur heildartími skólaaksturs, að meðtöldum biðtíma, sé að jafnaði ekki lengri en 120 mínútur.

Skólastjórar í samráði við fjölskylduráð Norðurþings skulu fyrir upphaf hvers skólaárs birta áætlun um skólaakstur. Áætlunina skal kynna skólaráðum grunnskólanna sbr. 8. gr. laga nr. 91/2008. Einnig skal kynna hana foreldrum/forráðamönnum nemenda eða vera þeim aðgengileg á heimasíðu skólanna. Skipulagi skólaaksturs verður að öllu jöfnu ekki breytt innan skólaárs nema til komi fjölgun/fækkun grunnskólabarna sem nýta skólaakstur. Skal endurskoðuð akstursáætlun þá lögð fyrir fjölskylduráð áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Skólaakstur er fyrir grunnskólanemendur. Einnig geta starfmenn skóla fengið far með skólabíl í stöku tilfellum ef pláss leyfir. Bifreiðastjóra er heimilt að taka með aðra farþega, á eigin ábyrgð, svo lengi sem tilgangur ferðarinnar falli undir skólastarfsemi, og svo lengi sem aðilar, þ.e. bifreiðarstjóri og forráðamaður, semji sérstaklega um það.

Ekki er heimilt að veita leyfi fyrir slíku nema pláss sé í bílnum og að aksturleið lengist ekki.



4. gr. Um skipulag skólaaksturs

Sveitarfélagið skipuleggur skólaakstur í dreifbýli þar sem nemendur eiga lögheimili og útvegar viðeigandi akstursþjónustu. Ekki er greitt fyrir skólaakstur þeirra barna sem hafa lögheimili innan við 1,5 km frá skóla. Undantekning getur verið á ákvæði þessu sem metið er í hverju tilviki fyrir sig í byrjun skólaárs.

Greiðslur fyrir skólaakstur frá heimili að sérleiðum eða beint í skóla þar sem leið fellur ekki að sérleið hefjast eftir 1,5 km á hverjum legg til og frá heimili. Eftir því sem við á fylgja foreldrar/forsjarmenn börnum sínum að skólabíl og taka á móti þeim eftir skóla.

Greitt er fyrir ekna kílómetra og hefst hver akstursleið þegar fyrsti nemandi kemur í bifreiðina á sérleið og lýkur þegar síðasti nemandi fer úr bifreiðinni á sérleið.

Ekki er greitt fyrir annan akstur bifreiðarstjóra, s.s. að og frá heimili. Skólaakstur fellur niður þegar skóli starfar ekki og koma þá engar greiðslur fyrir þann tíma. Bústjóri skal kappkosta að gera hverja ferð sem þægilegasta fyrir farþega sína og halda áætlun eins og kostur er. Virða ber ákvarðanir skólayfirvalda um komutíma skólabíls að og frá skóla. Skólustjóri eða staðgengill hans tilkynnir bifreiðastjóra um frávik á venjubundinni ferðatilhögun og/eða tímasetningu jafnskjótt og slíkar ákvarðanir liggja fyrir. Foreldrar/forsjarmenn láta bifreiðastjóra og skóla vita eins fljótt og hægt er ef þeir meta það svo að þeir vilji ekki senda börnin af stað vegna veðurs, frís eða forfalla.

Skólustjóri skal semja sérstaklega um allan aukaakstur s.s. vegna félagsstarfa og vettvangsferða og hefur heimild til að leita hagstæðasta tilboðs hverju sinni hjá þar til bærum aðilum

5. gr. Samningur um skólaakstur

Tilhögun skólaaksturs getur verið með tvennum hætti:

5.1. Gerðir eru samningar við verktaka um ákveðnar sérleiðir sem eru nánar tilgreindar (fylgiskjal 1.) Sveitarstjórn ákveður hvort leiðir séu boðnar út eða tilboða sé leitað. Miða skal við að samningar séu til 4 ára með framlengingarákvæði til 1 árs. Þær leiðir sem um ræðir eru:

1. Þjóðvegur frá Kópaskeri að Öxarfjarðarskóla.
2. Þjóðvegur frá vesturmörkum skólahverfis Öxarfjarðarskóla
3. Þjóðvegur frá syðri mörkum skólahverfis Borgarhólsskóla í Reykjahverfi.

5.2. Þegar fjarlægðir heimila frá skilgreindum akstursleiðum skólabifreiða er lengri en 1,5 km. eða fleiri en eitt heimili grunnskólabarna er á sömu leið að skóla og fellur ekki inn í skilgreinda sérleið er heimilt að semja við forráðamenn um þátttöku í skólaakstri gegn þóknun. Samningar skulu vera uppsegjanlegir. Þóknun til foreldra vegna þátttöku í skólaakstri miðast við reglur í fylgiskjali 2 samkvæmt þessum viðmiðunarreglum. Fyrirkomulaginu er ætlað að tryggja öryggi barna að skólabíl eða í skóla eftir atvikum. Samninga við foreldra ber að staðfesta í fjölskylduráði Norðurþings að fenginni umsögn skólustjóra viðkomandi skóla.



6. gr. Öryggi og búnaður skólabifreiða

Bifreið, sem notuð er í skólaakstri á sérleiðum samkvæmt lið 5.1, skal uppfylla skilyrði til fólksflutninga samkvæmt lögum þar um, reglugerðum og settum reglum um öryggi farþega, gerð, búnað og notkun öryggis- og verndarbúnaðar og merkingu bifreiða sem í gildi eru á hverjum tíma. Í bifreiðum sem notaðar eru í skólaakstri skal vera fjarskiptabúnaður sbr. 5. gr. reglna um skólaakstur nr. 656/2009.

- Bifreið skal vera búin þriggja punkta öryggisbeltum fyrir alla farþega
- Bifreið skal vera snyrtileg að innan sem utan
- Bifreið skal vera merkt skólaakstri að framan og aftan
- Slökkvitæki, neyðarhamar og sjúkrakassi skulu vera í bifreið
- Bifreið skal vera með gilda skoðun
- Hjólbarðar verða að standast kröfur um mynstursdýpt
- Bifreiðar skulu vera með ljóskastara til beggja hliða sem bifreiðastjóri getur stjórnað úr sæti sínu

Skólastjóri ásamt bifreiðarstjóra skulu í að minnsta kosti upphafi hverrar skólaannar fylla út sérstakan tékklista þar sem gengið er úr skugga um að ákveðin atriði séu uppfyllt og til staðar í skólabifreið.

Bifreiðarstjóri, í samráði við skólastjóra, leggur mat á hvort aðstæður séu með þeim hætti, t.d. vegna veðráttu eða ófærðar, að breyta þurfi út frá fyrirbyggjandi áætlun um daglegan skólaakstur. Tilkynna ber um slíkar breytingar án tafar til skólans sem kemur upplýsingum til foreldra barna er breytingin varðar. Til staðar skal vera viðbragðsáætlun vegna ófærðar eða óveðurs sem skólastjórnendur setja sér og kynnt fjölskylduráði og hagsmunaaðilum.

Skólastjóri í samráði við fjölskylduráð Norðurþings metur hvort þörf sé á gæslumanni í skólabifreið með hliðsjón af öryggi, fjölda, aldri nemenda og samsetningu nemendahópsins sem ferðast með bifreiðinni, vegalengd og öðrum aðstæðum.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin, sbr. 14. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008. Að öðru leyti eiga skólareglur, skv. 30. gr. nr. 91/2008 um grunnskóla, við um framkomu og háttsemi nemenda í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. sömu laga.

Öryggi farþega:

Bifreiðarstjóri skal sjá til þess að nemendur séu í öryggisbeltum og skal ekki leggja af stað fyrir en öll öryggisatriði hafa verið uppfyllt.

Bifreiðarstjóra ber að sýna sérstaka aðgát áður en nemendum er hleypt inn eða út úr skólabifreið og forðast að bakka á skólalóð.

Í þeim tilvikum þar sem bifreiðarstjóri getur ekki ekið að heimreið/afleggjara og börn þurfa að fara yfir veg, útveggar sveitarfélagið þeim börnum endurskinsvesti eða annan búnað sem hægt er að nota við slíkar aðstæður. Bifreiðarstjóri getur tekið ákvörðun um að aka ekki ef aðstæður eru með þeim hætti, t.d. vegna veðráttu eða ófærðar. Ekki skal skilja börnin eftir ein í vondum veðrum.

7. gr. Bifreiðastjóri skólabifreiða

Norðurþing semur við verktaka um framkvæmd skólaaksturs.



Skólastjóri viðkomandi skóla er yfirmaður bifreiðarstjóra að því leyti sem það varðar daglegt fyrirkomulag aksturs og umsjón nemenda í skólaakstri. Bifreiðarstjóri skólabifreiða samkvæmt lið 5.1. skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla. Verktaka er skylt að tryggja að viðeigandi gögn séu lögð fram framangreindu til staðfestingar. Bifreiðarstjóra er með öllu óheimilt að nota farsíma meðan á akstri stendur. Skylt er að upplýsa skólastjóra, með hæfilegum fyrirvara, ef skipt er um bifreiðarstjóra. Vegna skyndilegra forfalla og afleysinga bifreiðarstjóra ber að tilkynna þau til skólastjóra eins fljótt og auðið er. Í samningi Norðurlands um skólaakstur á þess vegum skal kveðið sérstaklega á um hæfi og skyldur bifreiðastjóra. Óheimilt er að ráða bifreiðastjóra til skólaaksturs eða gæslumann, sbr. 3. mgr. 5. gr., sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við afgreiðslu verktaka á umsókn um starf bifreiðastjóra eða gerð verktakasamnings skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til sviðstjóra velferðarsviðs til þess að afla upplýsinga úr sakaskrá, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

Komi upp vandamál í skólabíl, svo sem vanlíðan, einelti eða stríðni, eða verði bifreiðarstjóri var við að eitthvert barnanna eigi í erfiðleikum ber honum að ræða það við skólastjóra. Ákvæði um þagnarskyldu starfsfólks skóla og tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda taka til bifreiðastjóra/rekstraraðila skólabifreiðar þó hann sé ekki starfsmaður sveitarfélagsins.

8. gr. **Fatlaðir nemendur**

Nemendur sem sökum fötlunar geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur eða skólaakstur eiga rétt á ferðapjónustu til og frá skóla skv. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

9. gr. **Um meðferð ágreiningsmála**

Telji foreldri einhverju áfátt í fyrirkomulagi skólaaksturs eða að á rétti barns sé brotið getur það leitað leiðréttingar hjá hlutaðeigandi skólastjóra, sviðstjóra velferðarsviðs eða sveitarstjóra. Fáist ekki viðunandi lausn ber að vísa málinu til fjölskylduráðs Norðurlands. Áskilinn er réttur verksala til að rifta samningi verði bifreiðarstjóri uppvís að brotum á samningum eða reglum þessum.

10. gr. **Samningsgerð**

Sviðstjóri velferðarsviðs Norðurlands ber ábyrgð á samningagerð samkvæmt þessum reglum og ber að vísa samningum til umsagnar í fjölskylduráði og staðfestingar í sveitarstjórn.



11. gr. Gildistaka

Viðmiðunarreglur þessar taka gildi 1. ágúst 2025 eftir staðfestingu sveitarstjórnar Norðurþings og skulu þær vera aðgengilegar á vef sveitarfélagsins.

Samþykkt í fræðslu- og menningarnefnd Norðurþings þann 25. nóvember 2015 og staðfest í bæjarstjórn Norðurþings þann 1. desember 2015.

Reglur endurskoðaðar í fjölskylduráði Norðurþings þann 22. mars 2021 og staðfestar í sveitarstjórn 20. apríl 2021.

Reglur endurskoðaðar og uppfærðar í fjölskylduráði Norðurþings þann 18. febrúar 2025 og staðfestar í sveitastjórn 27. febrúar 2025.



Fylgiskjal 1.

Skilgreindar sérleiðir fyrir skólaakstur í Norðurþingi. Á sérleiðum er gert ráð fyrir að skólabílar keyri inn á heimreiðar/afleggjara til þess að sækja og skila börnum í og úr skólabíl. Undantekning getur verið á ákvæði þessu sem metið er í hverju tilviki fyrir sig í byrjun skólaárs og skal þá gera viðeigandi ráðstafanir í samvinnu með foreldrum/forráðamanni samanber 7 mgr. 6.gr. reglna þessa.

- Þjóðvegur frá Kópaskeri að Öxarfjarðarskóla. Sérleið hefst á Kópaskeri.
- Þjóðvegur frá vesturmörkum skólahverfis Öxarfjarðarskóla. Sérleið hefst frá afleggjara/heimreið að vestasta heimili skólabarna.
- Þjóðvegur frá syðri mörkum skólahverfis Borgarhólsskóla í Reykjahverfi. Sérleið hefst frá afleggjara/heimreið að syðsta heimili skólabarna.



Fylgiskjal 2.

Viðmið fyrir þóknun til forráðamanna vegna skólaaksturs í dreifbýli. Greitt er fyrir ekna kílómetra að teknu tilliti til eftirfarandi viðmiða:

- Ekki er greitt fyrir skólaakstur í þéttbýli né skólaakstur þeirra barna í dreifbýli sem hafa heimili innan við 1,5 km frá skóla.
- Sé leið frá heimili að skilgreindri sérleið lengri en nemur 1,5 km eiga forráðamenn rétt á aksturgreiðslum fyrir þá vegalengd sem er umfram 1,5 km á hvorri leið bæði þegar þeim er keyrt í bíl eða sótt. Þ.e.a.s. frádráttur er samtals 3 km þegar þeim er komið í skólabíl og 3 km þegar þau eru sótt í skólabíl.
- Sé ekki til staðar skilgreind sérleið frá lögheimili að skóla, eiga forráðamenn rétt á aksturgreiðslum fyrir þá vegalengd sem er umfram 1,5 km á hvorri leið, bæði þegar þeim er ekið í skóla eða sótt í skóla, þ.e.a.s. frádráttur er samtals 3 km þegar þeim er ekið í skóla og 3 km þegar þau eru sótt í skóla.



4. Heimilt er að semja við forráðamenn um akstur fleiri barna en þeirra eigin á leið sem ekki fellur vel að skilgreindri sérleið.
5. Greiðsla fyrir akstur tekur mið af akstursgjaldi ríkisstarfsmanna á hverjum tíma og skal miðast útfrá áætluðum heildar kílómetrafjölda hvert skólaár og fylgir viðmiðum ríkisins
 - a) Vegna aksturs á þjóðvegum og heimreiðum með bundnu slitlagi er greitt almennt gjald.
 - b) Sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð, þar sem ekki er bundið slitlag. Við útreikning á sérstöku gjaldi skal reikna 15% álag á almennt gjald.
 - c) Torfærugjald er greitt vegna aksturs utan vega eða á vegslóðum sem ekki eru færir fólksbílum. Við útreikning á torfærugjaldi skal reikna 45% álag á almennt gjald.

